

Ávarp á Þingvöllum í tilefni 80 ára afmælis Skógræktarfélags Íslands.

Magnús Gunnarsson, formaður, Skógræktarfélags Íslands.

Ágætu gestir.

Velkominn til Þingvalla.

Your Excellencies, ladies and gentlemen, welcome to Þingvellir.

Á þessum helga stað á Alþingishátíðinni sem haldin var þann 27. júní árið 1930 var Skógræktarfélag Íslands stofnað. Það eitt að leggja nafn Þingvalla við stofnun Skógræktarfélags Íslands gaf fögur fyrirheit um ákveðinn og staðfastan vilja fjölmargra Íslendinga að stofna með sér samtök sem hefðu það að megin markmiði að stuðla að aukinni skógrækt og landbótum á Íslandi. Nokkru fyrr, árið 1909, mátti greina meðal forystumanna ungmennafélagshreyfingarinnar einlægan vilja til að fylgja eftir aðal stefnumálum hreyfingarinnar um að klæða landið skógi að nýju. Segir meðal annars í Skinfxa: Sambandsstjórnin vill styðja að því að mætti, að sterkur áhugi og starfsþrá vakni hjá æskulýð vorum í skógræktarmálinu. Það er eitt hinna fegurstu verkefna, er æskulýður vor getur tekist á hendur. Ísland skógi vaxið á ný er svo fögur hugsjón, að hún ætti að brenna dád og dug til framkvæmda inn í æskulýðinn. Verkin verða að bera þess merkin, að vér viljum ÍSLANDI ALLT. Annars verður það glamuryrði eitt og oss til dómaáfallis.

Við þekkjum öll sagnaheimildir um skógi vaxið Ísland, frá fjöru til fjalla og rannsóknir og heimildir benda til þess að meira en 40.000 ferkílómetrar hafi verið huldur gróðri á 9. öld, eða um tvöfalt stærra svæði en nú er. Leiddar eru líkur að því að meira en helmingur þess lands hafi verið viði vaxinn. Mestur hefur skógur verið á láglandi, neðan 200 metra hæðar yfir sjávarmáli, en lágvaxið kjarr hefur teygst sig inn á hálendið upp í yfir 400 metra hæð. Þar sem vaxtarskilyrði hafa verið best, í botnum dala og skjólgóðum hlíðum, hafa birkitré náð góðum vexti og gefið af sér smíðavið. Víðar hefur þó verið lágvaxinn skógur og kjarr.

Í byrjun 20. aldar var skógur vart til á Íslandi, leifar gamalla skóga og birkikjarr nokkuð víða en hafði látið á sjá í aldanna rás og kom þar margt til. Sauðfé gekk ótæpilega á gróður, tré og runnar voru eyddir til nytja í harðri lífsbaráttu fólksins, öld fram af öld og sveiflur í veðurfari, kulda- og hlýindaskeið höfðu sett sitt mark á framvindu gróðurs. Um leið og skógurinn hvarf opnaðist svörðurinn og land eyddist hraðar í óblíðri íslenskri náttúru.

Um langar styrjaldir hyrjar og høggs
Bar höndin ráns hina blikandi öx,
Og stofnar og kvistir af iðinni önn
Í eldanna kesti hlóðust.
En herjandi logann og hjarnsoltna tönn,
Með höfuðin beygð undir þyngjandi fönn
Samt blessaðar bjarkirnar stóðust.

Svo kvað eitt af höfuðskáldum íslenskra þjóðar, Einar Benediktsson, í kvæði sínu Bjarkir.

Við stöndum hér á Þingvöllum, liðlega öld síðar, og fögnum 80 ára afmæli Skógræktarfélags Íslands. Sú mynd sem ég dreg hér upp um stöðu skógræktar og landgræðslu fyrir liðlega eitthundrað árum sýnir svo ekki verður um villst að árangur í skógrækt og landgræðslu hefur um margt verið framur okkar björtustu vonum. Við höfum líka verið lánsöm að eiga vini bæði austan hafs og vestan sem hvatt hafa okkur áfram og lagt sitt af mörkum til að efla og styrkja íslenska skógrækt. Fyrir það er hér þakkað.

Íslenskir náttúruunnendur höfðu um aldir látið sig dreyma um að rækta skóg á Íslandi. Gerðar höfðu verið ýmsar tilraunir en árangur verið lítill. Það var því hálfundarlegt að upphafsmaður skipulagðrar skógræktar hér á landi skyldi vera danskur sjómaður.

Carl Ryder var skipstjóri í Íslandssiglingum sameinaða gufuskipafélagsins á árunum 1897 – 1901. Hann gerði sér far um að kynna bæði landi og þjóð. Meðal þess sem honum kom í hug var að víða mætti rækta hér skóg. Þá hugmynd bar hann undir Carl V. Prytz, sem þá var prófessor í skógrækt við danska landbúnaðarháskólann. Prytz hvatti Ryder til dáða í skógræktinni og sótti hann því um styrk til Hins konunglega danska landbúnaðarfélags. Árið 1899 veitti félagið Ryder 700 króna styrk til verkefnisins. Fyrir það fé var girt lítið svæði á eystri bakka Almannagjár vorið 1899 og þar gróðursettar fjallafurur, birki, hvítgreni og elri auk lítilsháttar af reynivið, ösp og víði. Í dag er furulundurinn hér sem við stöndum nú við afrakstur þeirrar gróðursetningar. Áhugi Carls Ryder og samstarf hans við Carl V. Prytz leiddi til þess að ráðinn var til landsins Christian E. Flensborg skógfræðingur. Má segja að aðkoma þessara þriggja einstaklinga, verk þeirra og áhugi auk góðrar þekkingar á skógrækt hafi rutt brautina fyrir öflugum skógræktarstarfi Íslendinga næstu áratugina.

Þáttur Norðmanna í stuðningi við skógrækt á Íslandi hefur verið umtalsverður allt frá upphafi ræktunar hér á landi. Má þar m.a. til nefna Þjóðargjöf Norðmanna, er Ólafur fimmti Noregskonungur heimsótti Ísland árið 1961 og færði Íslendingum að gjöf myndarlegan fjárstyrk til að efla skógrækt. Meginhluta styrksins var varið í að reisa rannsóknarstöð í skógrækt að Mógilsá og úr hinum hlutanum var stofnaður norsk- íslenski skógræktarsjóðurinn sem efla skyldi samskipti þjóðanna á sviði skógræktar.

Við höfum líka notið þess að eiga öflugum forystumenn í skógrækt á umliðnum áratugum sem með starfi sínu og einlægum ræktunaráhuga hafa lagt mikið til íslenskrar skógræktar. Aukin tækifæri til menntunar á sviði skóg- og vistfræði, hvatning og stuðningur frá frændþjóðum okkar og sú reynsla sem fengist hefur á liðnum áratugum færir okkur vissu um að skógrækt á hér góða framtíð.

Innan vébanda Skógræktarfélags Íslands eru nú 61 skógræktarfélag með á áttunda þúsund félagsmenn og ræktunarsvæðin eru um 300 á um 20 þúsund hekturum lands. Skógræktarfélag Íslands stendur fyrir öflugri útgáfu fræðslurita um skógrækt og hefur lagt áherslu á að vekja áhuga landsmanna á gildi skógræktar til betri lýðheilsu og aukinnar

atvinnusköpunar. Með Landgræðsluskógaverkefninu sem hleypt var af stokkunum árið 1990, með stuðningi einstaklinga og fyrirtækja og síðar ríkisvaldsins, hefur enn eitt skref verið stigið til eflingar nýskógræktar. Skógræktarfélag Ísland getur því með stolti fagnað 80 ára afmæli félagsins í þeirri vissu að vegur skógræktar mun vaxa um ókomin ár.

Dear friends. We stand here at Þingvellir at the place where the Icelandic Forestry Association was founded eighty years ago. At that time forestry in Iceland was still a mere sapling, so to speak, but has since, through the hard work and dedication of thousands of people, grown into a thriving tree. The success of forestry and land reclamation efforts has in many ways exceeded our wildest expectations. In this we have been fortunate to have friends all over the world, who have encouraged and supported Icelandic forestry. We have, here at Þingvellir, a living testament to that support, the Friendship Forest, which was established back in 1990 with help from our friends in the foreign embassies here in Iceland. For the continued support of our friends we offer our most heartfelt thanks.